



Sameining VÍS og Fossa

/ Djúpar rætur í íslensku samfélagi



- VÍS er eitt stærsta tryggingafélag landsins og hefur djúpar rætur í íslensku samfélagi
- Hlutverk VÍS er að vera traust bakland í óvissu lífsins og tryggja að viðskiptavinir félagsins séu með viðeigandi tryggingavernd svo þeir séu betur undirbúnir fyrir lífsins ólgusjó

Viðskiptavinir:
59.000 fjölskyldur


Viðskiptavinir:
10.000 fyrirtæki

Útgefin tryggingaskírteini:
380.000

Tjón árinu 2022
36.500

Kostnaður pr. tjón
460.000

Útgreiddar tjónabætur 2022
16,8 milljarðar



/ Tækifæri til framtíðar

Mikilvægt að VÍS þróist í takt við samfélagið og grípi þau tækifæri sem bjóðast á markaði



Jákvæðir lýðfræðilegir þættir


- Miðgildi aldurs Íslendinga er 37 ár – það lægsta á EES-svæðinu
- Landsframleiðsla er 9,3 m.kr. á einstakling (2021) – sjötta hæsta í OECD
- Undanfarin fimm ár hefur fólksfjölgun verið 2,1% á ári – samanborið við 0,3% í EES

Sterk staða þjóðarbús

- Sterk staða þjóðarbús og ríkis m.t.t. auðlinda og framtíðarskuldbindinga
- Skuldir heimila og fyrirtækja eru lágar í sögulegu samhengi
- Sterk og vaxandi staða útflutningsgreina

Þörf á aukinni fjármálaþjónustu

- Vaxandi þörf fyrir markaðslausnir í fjármögnun fyrirtækja og sveitarfélaga
- Eftirspurn eftir nýjum fjárfestingarlausnum, m.a. vegna breytinga á séreignarsparnaði
- Sóknarfæri í aukinni erlendri þátttöku á fjármálamarkaði



/ Sameining VÍS og Fossa

Framsækið fjármálafyrirtæki á sterkum stöðum



Sameining hraðar vexti beggja félaga

Með því að sameina öfluga innviði félaganna; eiginfjárstöðu VÍS og sterka tengingu Fossa við fjármálamarkaði, fjárfesta sem og fyrirtækja verður til félag sem skilar auknu virði til hluthafa

Jákvæð fjárhagsleg áhrif

Gert er ráð fyrir að langtíma arðsemismarkmið hækki úr 1,5 kr. á hlut¹ í yfir 2,5 kr. á hlut² – vegna samlegðar og möguleika til að hraða uppbyggingu fjárfestingarbanka og eignastýringar

Sterk staða til framtíðar

Fjárfestingarbankastarfsemi vex hraðast á fjármálamörkuðum, alþjóðlega og héraendis. Sameinað félag er í kjörstöðu til að sækja á þann markað sem hefur skapast á milli stórra viðskiptabanka og smærri og sérhæfðari þjónustuaðila

1) Jafngildir arðsemismarkmiði um 15% arðsemi eigin fjár, 2) leiðrétt fyrir útgáfu nýrra hluta, jafngildir >20% arðsemi eigin fjár

/ Sameining VÍS og Fossa

Framsækið fjármálafyrirtæki á sterkum stoðum



Forsendur

- Hluthafar Fossa fá greidda 245 milljón nýja hluti í VÍS, sem jafngildir 12,62% hlutafjár eftir aukningu, og eru bundnir í 36 mánuði frá afhendingu
- VÍS mun veita Fossum allt að 400 m.kr. víkjandi fjármögnun í kjölfar hluthafafundar til að tryggja áframhaldandi vöxt félagsins. Fjármögnuninni verður breytt í hlutafé við fullnustu kaupsamnings

Skilyrði

- Samþykki hluthafafundar fyrir útgáfu 245 milljón nýrra hluta í VÍS
- Samþykki hluthafafundar fyrir breytingu á samþykktum sem nær betur yfir fjármálastarfsemi
- Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og Samkeppniseftirlits

Áætluð tímalína

- Viljayfirlýsing um sameiningu VÍS og Fossa undirrituð þann 15. febrúar 2023
- Kaupsamningur undirritaður þann 5. maí 2023
- Áætlað er að skilyrði kaupsamnings verði uppfyllt á komandi mánuðum en eigi síðar en í árslok 2023

/ Kaupsamningurinn



- Kaupsamningur gerður við meirihlutaeigendur og lykilstjórnendur Fossa fjárfestingarbanka en aðrir hluthafar hafa skuldbundið sig til samhliða sölu á samsvarandi kjörum
- Gagngjaldið er 245 milljón hlutir í VÍS fyrir 100% hluta í Fossum fjárfestingarbanka, án skuldbindinga um frekari útgáfu hluta í Fossum, þ.m.t. vegna kaupréttaráætlunar
- Framsals-, sölu- og veðsetningarbann er á hinum afhentu hlutum í 36 mánuði
 - Nema að fengnu samþykki stjórnar VÍS
 - Nýir hlutir merktir með kvöð um sölu- og veðsetningarbann
 - Óframseljanleg bréf eru alla jafna umtalsvert verðminni en framseljanleg bréf
 - Auk þess tengir það saman hagsmuni kaupenda og seljenda, sem verða áfram í lykilhnutverki við að auka arðsemi allra hluthafa
- Ríkar samkeppnishömlur hvíla á skilgreindum lykilmönnum og seljendum Fossa fjárfestingarbanka samkvæmt kaupsamningi í 36 mánuði frá afhendingardegi. Hömlur samkvæmt kaupsamningi koma til viðbótar hefðbundnum hömlum í ráðningarsamningum



/ Samningar og áreiðanleikakannanir



- Áreiðanleikakannanir og verðmat framkvæmt samhliða samningaviðræðum, þar sem VÍS naut m.a. aðstoðar frá:
 - BBA//Fjeldco: Lögfræðileg áreiðanleikakönnun, ráðgjöf um skipulag og ráðgjöf við kaupsamningsgerð
 - Advel lögmenn: Skattaleg áreiðanleikakönnun
 - Deloitte: Fjárhagsleg áreiðanleikakönnun, skoðun á viðskiptaáætlun og verðmat
- Með hliðsjón af niðurstöðu kostgæfnisathugana var samið um ákvæði í kaupsamningi sem takmarka áhættu VÍS og tryggja hagsmuni félagsins með tilliti til skattamála, kaupréttta starfsmanna, framlags lykilmanna ásamt öðrum viðeigandi rekstrarþáttum
- Trúnaður, samkeppnismál og góðir stjórnarhættir hafa verið hafðir að leiðarljósi í gegnum allt ferlið
 - Eðli málsins samkvæmt er stjórn bundin trúnaði varðandi einstök atriði og forsendur, bæði út frá hagsmunum VÍS og Fossa
- Viljayfirlýsing var undirrituð þann 14. febrúar 2023
- Viðræður hófust í kjölfarið um samruna með kaupum VÍS á 100% hlut í Fossum fjárfestingarbanka



/ Verðmat og verðlagning



Það er mat stjórnar að viðskiptin séu hagstæð hluthöfum VÍS og væntir ávinnings fyrir hluthafa

- Kannaðar voru ýmsar leiðir til að útvíkka starfsemi VÍS og var niðurstaða þeirrar vinnu að sameining við Fossa fjárfestingarbanka væru álitlegasti kosturinn
- Deloitte framkvæmdi fjárhagslega áreiðanleikakönnun og sjálfstætt verðmat á Fossum þar sem grunnforsendur voru rýndar¹ og aðlagaðar eftir tilvikum (t.d. vöxtur, tekjur, gjöld og ávöxtunarkrafa) og mismunandi sviðsmyndir skoðaðar
- Samningsverð er innan verðmats og miðast við Fossa fjárfestingarbanka í sjálfstæðum rekstri (e. stand alone)
- Verðmatið tekur ekki tillit til eftirfarandi virðisaukandi þátta:
 - Samlegðaráhrifa
 - Lægri ávöxtunarkröfu innan VÍS sem hluta af stærri samstæðu
 - Sölubanns á nýútgefnum hlutum í VÍS og samþættingu hagsmuna lykilstarfsmanna og hluthafa
 - Ávinnings (e. strategic value) þess að flýta vegferð VÍS og eykur þar með getu félagsins til þess að grípa þau tækifæri sem eru á markaði
- Það er mat stjórnar að viðskiptin séu hagstæð hluthöfum VÍS og væntir ávinnings fyrir hluthafa, enda munu hluthafar eiga yfir 87% í sameinuðu félagi
- Stjórn VÍS telur að fjárfestingin sé ákjósanlegur kostur í samanburði við stofnun nýs fjárfestingarbanka frá grunni m.t.t. kostnaðar, tíma og áhættu
- Kaupin og umbreyting á starfseminni eru ekki áhættulaus viðskipti en stjórn væntir þess að fjármálastarfsemin muni skila viðunandi arðsemi og opna dyr að tækifærum sem annars væru fjarlægari

¹Sjá nánar glæru 14



Fossar fjárfestingarbanki

/ Fossar fjárfestingarbanki



- Fossar eru alhliða fjárfestingarbanki sem þjónustar innlenda og erlenda fjárfesta með áherslu á markaðsviðskipti, fyrirtækjaráðgjöf og eignastýringu
- Starfsmenn Fossa eru reyndir sérfræðingar með viðamikla reynslu á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum
- Bankinn er með höfuðstöðvar í Reykjavík og er með aðsetur á Fríkirkjuvegi 3 og Skálholtsstíg 7
- Fossar eru aðili að kauphöllum Nasdaq á Íslandi, í Stokkhólmi og í Kaupmannahöfn og hafa jafnframt aðgang að alþjóðlegum mörkuðum í gegnum samstarfsaðila
- Bankinn er í fararbroddi þegar kemur að tengingu íslensks atvinnulífs við alþjóðlegt fjárfestingarumhverfi
- Rekstur sjóða fer fram í dótturfélaginu Glymur hf.

Fagmennska



Traust



Árangur

Saga Fossa



Starfsmenn

6



Starfsmenn

38

Aukið starfsleyfi sem fjárfestingarbanki

Fossar markaðir hf. stofnað

Starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki

Aukið starfsleyfi í fyrirtækjaráðgjöf

Glymur hefur rekstur

Aukið starfsleyfi í eignastýringu

Fossar sameinast VÍS

2015

2016

2017

2018

2019

2020

2021

2022

2023

Aðild að
Nasdaq Iceland

Ráðgjafi við skráningu
Arion banka

Fyrsta **græna** útgáfa skuldabréfa
Fossar leiðandi í Kauphöllinni á
frum- og eftirmarkaði

Ráðgjafi við skráningu
Íslandsbanka

Ráðgjafi við skráningu
Bláa Lónsins

Samstarf við Saxo bank og
Neuberger Berman

SAXO BANK

NEUBERGER BERMAN

Aðild að Nasdaq í Stokkhólmi og
Kaupmannahöfn

Samstarf við Redington

REDINGTON

Samstarf við
20
erlendar
eignastýringar

Sculptor
CAPITAL MANAGEMENT

IMPAX
Asset Management

M
Man

Goldman
Sachs

Asset
Management

GQG
PARTNERS

BlueBay
Asset Management


CGW

Leiðandi miðlun og ráðgjöf




Á fáum árum hafa Fossar byggt upp leiðandi miðlun og ráðgjöf

Hlutabréf
hlutdeild tilkynnta viðskipta¹



Arion banki ISK 170 bn IPO Aðriráðgjafi 2018	Arion banki ISK 13 bn Block trade Umsjónaraðili 2019	Arion banki ISK 27 bn Block trade Umsjónaraðili 2019	Arion banki ISK 61 bn Block trade Ráðgjafi 2020/21	Íslandsbanki ISK 55 bn IPO Söluráðgjafi 2021	Íslandsbanki ISK 53 bn FPO Ráðgjafi 2022	BLUE LAGOON ICELAND IPO Aðriráðgjafi 2023
--	--	--	--	--	--	---

Skuldabréf
hlutdeild tilkynnta viðskipta¹



OR ISK 3.900m Skulabréf Umsjónaraðili Júní 2020	Smítt ISK 1.800m Vaxi Umsjónaraðili Október 2022	Reginn ISK 3.000m Skulabréf Umsjónaraðili Mars 2022	OR ISK 2.400m Skulabréf Umsjónaraðili Mars 2022	REITIR ISK 4.800m Skulabréf Umsjónaraðili Desember 2021	Félagshúsið ISK 6.000m Skulabréf Umsjónaraðili Desember 2021	ALMA ISK 4.000m Skulabréf Umsjónaraðili Nóvember 2022	REITIR ISK 4.000m Skulabréf Umsjónaraðili Október 2021	Reginn ISK 3.400m Skulabréf Umsjónaraðili Eilífr 2021	REITIR ISK 2.900m Skulabréf Umsjónaraðili Eilífr 2020	Reginn ISK 6.100m Skulabréf Umsjónaraðili Agúst 2021
REITIR ISK 3.000m Skulabréf Umsjónaraðili Júní 2021	OR ISK 2.000m Skulabréf Umsjónaraðili Júní 2021	Reginn ISK 1.800m Skulabréf Umsjónaraðili Júní 2021	REITIR ISK 3.300m Skulabréf Umsjónaraðili Mars 2021	OR ISK 2.200m Skulabréf Umsjónaraðili Apríl 2021	REITIR ISK 1.800m Skulabréf Umsjónaraðili Mars 2021	Félagshúsið ISK 2.000m Skulabréf Umsjónaraðili Mars 2021	Reginn ISK 3.800m Skulabréf Umsjónaraðili Mars 2021	LS ISK 2.700m Skulabréf Umsjónaraðili Febrúar 2021	REITIR ISK 2.000m Skulabréf Umsjónaraðili Janúar 2021	REITIR ISK 4.000m Skulabréf Umsjónaraðili Desember 2020
OR ISK 1.000m Skulabréf Umsjónaraðili Desember 2020	LS ISK 2.000m Skulabréf Umsjónaraðili Nóvember 2020	REITIR ISK 7.500m Skulabréf Umsjónaraðili Nóvember 2020	Reginn ISK 3.000m Skulabréf Umsjónaraðili Nóvember 2020	REITIR ISK 7.000m Skulabréf Umsjónaraðili Nóvember 2020	Reginn ISK 2.000m Skulabréf Umsjónaraðili Október 2020	OR ISK 3.000m Skulabréf Umsjónaraðili Agúst 2020	OR ISK 4.400m Skulabréf Umsjónaraðili Agúst 2020	Félagshúsið ISK 2.000m Skulabréf Umsjónaraðili Agúst 2020	OR ISK 3.300m Skulabréf Umsjónaraðili Agúst 2020	REITIR ISK 1.000m Skulabréf Umsjónaraðili Júlí 2020

- Fossar hafa verið með afgerandi hlutdeild í veltu á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði
- Leiðandi í viðskiptum erlendra aðila á innlendum markaði á undanförunum árum
- Ráðgjafar í nýskráningum fyrirtækja í Kauphöll og miðlað blokkarviðskiptum í kjölfarið
- Leiðandi í frumútgáfum á fyrirtækjaskuldabréfamarkaði og beinum lánveitingum frá erlendum aðilum
- Brautryðjendur í sjálfbærri fjármögnun innlendra fyrirtækja og sveitarfélaga

¹) Gögn frá Nasdaq Iceland


/ Hraður vöxtur og góð arðsemi eigin fjár

Fjárfest hefur verið í víðtækari starfsheimildum og þjónustuframboði




Tekjur og hagnaður

■ Hagnaður ■ Tekjur



Efnahagur

■ Eigið fé ■ Eignir — Arðsemi eigin fjár



- Tekjur Fossa hafa aukist um 19% á ári frá 2015 til 2022
- Arðsemi eigin fjár á sama tímabili hefur verið 52% að meðaltali
- Hagnaður og arðsemi eigin fjár árið 2022 litast af umtalsverðri fjárfestingu í innviðum félagsins og mikilli stækkun á efnahag Fossa í kjölfar þess að fjárfestingarbankaleyfi var veitt í júní 2022
- Nýjar tekjustoðir styðja við áframhaldandi vöxt


1) Hagnaður leiðréttur fyrir kostnaði vegna umbreytingar og fjárfestingarbankaleyfi, 2) Meðalarðsemi eigin fjár 2015-2022, 3) Eignastýring, 4) Fjárfestingarbanki

Markmið Fossa til ársins 2025



Bankinn starfar á markaði sem er í hröðum vexti og nýtur góðrar arðsemi

Markaður	Helstu stærðir ¹	Þjónustuframboð	Hlutdeildarviðmið ¹	Hlutdeild Fossa 2022 % ¹	Markmið hlutdeild %
Fjárfestingarbanki	Tekjur: 33 ma.kr. Tekjuvöxtur: 16% Arðsemi eigin fjár: 35%	Miðlun og ráðgjöf	Velta: ~1.500 ma.kr.	~10 – 15%	>20%
		Eigna- og sjóðastýring	AuM ² : ~3.000 ma.kr.	~1,5%	>10%
		Fjárfestingarbanki	Eignir: ~145 ma.kr.	~4%	>10%
Fyrirtækjabanki	Tekjur: 83 ma.kr. Tekjuvöxtur: 16% Arðsemi eigin fjár: 12%	Bankaþjónusta	Útlán: ~2.350 ma.kr.	0%	~1%



1) Áætlað út frá ársreikningum fjármálafyrirtækja 2018-2022, NASDAQ og öðrum opinberum gögnum, 2) Eignir í stýringu



Sameinað félag

Sameinað félag í ákjósanlegri stöðu til frekari vaxtar á íslenskum fjármálamarkaði



Skaðatryggingar

Persónutryggingar

Fjárfestingar

Eignastýring

VÍS þjónustar 59.000 heimili í dag og stór hluti þjóðarinnar hefur verið viðskiptavinir á einhverjum tímapunkti í 106 ára sögu félagsins

Fossar hafa á síðustu átta árum byggt upp sterk tengsl við efnameiri einstaklinga, fyrirtæki og stofnanafjárfesta

Sterkir innviðir VÍS, djúp markaðspekking og viðskiptatengsl Fossa gera sameinuðu félagi kleift að verða leiðandi í fjölbreyttri vöruþróun og þjónustu við heimili, fyrirtæki og fjárfesta



FOSSAR

Miðlun

Fyrirtækjaráðgjöf

Einkabanki

Eigin viðskipti

Fjárfestingarbanki

Eignastýring

/ Fjölgun tekjustoða



Sameining tryggir aðgengi að mörkuðum sem eru í talsverðum vexti og hafa sögulega skilað góðri arðsemi

Starfsemi	Þjónustuframboð			Áætlaðar tekjur markaðar ¹	Tekjuvöxtur markaðar ¹	Arðsemi eigin fjár ¹
Tryggingar	Skaðatryggingar	✓		~ 83 ma.kr.	5%	17%
	Persónutryggingar	✓				
Fjárfestingarbanki og eignastýring	Eignastýring	✓	✓	~ 33 ma.kr.	16%	35%
	Miðlun og ráðgjöf		✓			
	Fjárfestingarbanki		✓			
Fyrirtækjabanki	Innlán		-	~ 83 ma.kr.	16%	12%
	Útlán		✓			
	Bankaþjónusta		✓			

1) Arðsemi tryggingareksturs inniheldur fjárfestingar, áætlað m.v. ársreikninga fjármálafyrirtækja 2018-2022

/ Landslag markaðar



Sóknarfæri á markaði sem hefur skapast á milli umfangsmikilla viðskiptabanka og smærri og sérhæfðari þjónustuaðila




1) Óháð stærð, raðað eftir þjónustuframboði

/ Framtíðarskipulag VÍS



Fyrst um sinn verður VÍS móðurfélag Fossa en stefnt er að því að tryggingarekstur, fjárfestingarbanki og eignastýring verði saman undir einu móðurfélagi



/ Skipulag og áherslur

Sterk framkvæmdastjórn samstæðu



Samstæða

Haraldur Þórðarson



Tryggingar

Guðný H. Herbertsdóttir



Fjárfestingarbanki

Steingrímur Finnsson



Eignastýring

Arnór Gunnarsson



Fjármál
Lögfræðisvið
Áhættustýring
Önnur stoðsvið

- Rekstrareiningar halda sjálfstæði og ábyrgð á sókn í samræmi við stefnu
- Öflugar rekstrareiningar á afmörkuðum sviðum með ólíka fyrirtækjamenningu en sömu kjarnamarkmið
- Afmörkun rekstrar, áhættu og eigin fjárbindingar
- Áhersla á samnýtingu miðlægra rekstrarþátta sem skapar hagræði, hagkvæmni, fagmennsku og stuðlar að öflugum rekstri

Árangursdrifin fyrirtækjamenning mun drífa vöxt og arðsemi samstæðu til framtíðar




	Innri vöxtur	Ytri vöxtur
Tekjuaukning	<ul style="list-style-type: none">▪ Aukin þjónusta við viðskiptavinum með breiðara vöruframboð byggt á sterkari innviðum▪ Fjárhagslegur styrkur eykur tækifæri fjárfestingarbanka og eignastýringar▪ Töluverð tekjusamlegð í krosssölu milli rekstrareininga	<ul style="list-style-type: none">▪ Vel í stakk búið til frekari ytri vaxtar á fjármálamarkaði▪ Síðbreytilegt samkeppnisumhverfi býður upp á umtalsverð tækifæri til ytri vaxtar í fjármálastarfsemi t.d. í eignastýringu og útlánastarfsemi
Samlegð	<ul style="list-style-type: none">▪ Kostnaðarsamlegð í samnýtingu innviða – nú og til framtíðar▪ Bætt aðgengi að fjármögnun á grunni sterkar samstæðu▪ Aukinn skali vegur á móti vaxandi kostnaði eftirlitsskyldrar starfsemi	<ul style="list-style-type: none">▪ Sterkir innviðir sameinaðs félags vel fallnir til þess að taka við nýjum rekstrareiningum án teljandi kostnaðaraukningar▪ Upplýsingatækni og stafræn þróun styður við aukna arðsemi



Horft fram á við

/ Markmið samstæðu til ársins 2025



	2022	2025	Samstæða 2025
	Tekjur: 24.450 m.kr. Samsett hlutfall 99%	Tekjur: 31.700 m.kr. Samsett hlutfall <95%	Tekjur: >36.000 m.kr.
	Tekjur: 1.150 m.kr. Efnahagur ~7 ma.kr. AuM ~45ma.kr. ¹	Tekjur: >3.100 m.kr. Efnahagur > 30 ma.kr. AuM > 100 ma.kr. ¹	AuM: >250 ma.kr.
	AuM: 54 ma.kr. ¹	AuM: >150 ma.kr. ¹	Hagnaður á hlut > 2,5 kr.

1) Skilgreint sem tekjuberandi eignir í eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og ráðstöfun í erlenda sjóði

Tryggingar



Rótgróið og traust tryggingafélag sem hefur síðustu ár fjárfest í stafrænum lausnum

Par sem tryggingar snúast um fólk

- Áhersla á framúrskarandi þjónustuupplifun með nýtingu nýjustu tækni
 - CRM kerfi þvert á fyrirtækið sem eykur krosssölu, bætir þjónustuupplifun og mælir allar snertingar
 - Ökuvísir, nýtt vildarkerfi og app og ný vefverslun í þróun

Sala og þjónusta

- Breytt sölufyrirkomulag er að skila sér í aukinni sölu – aukinn iðgjaldavöxtur til framtíðar. Þétting á núverandi stofni og áhersla á allt landið
- Bætt þjónusta og forvarnir í fyrirrúmi

Tækifærin liggja í þjónustu við viðskiptavinum VÍS á breiðari grunni

Stór hluti Íslendinga hefur á einhverjum tímamarki verið í viðskiptum við VÍS. Þekking á hegðun þeirra og skilningur á því hvar tækifærin liggja

Áhersla á arðbæran vöxt og tækifæri í þróun á persónutryggingum í tengslum við fjármálastarfsemi ásamt frekari þróun á heildsölutryggingum



/ Fjárfestingarbanki

Aukinn fjárhagslegur styrkur og fjölbreyttari fjármálapjónusta



Miðlun og ráðgjöf

- Aukinn fjárhagslegur styrkur gerir bankanum kleift að mæta þörfum vaxandi fjölda viðskiptavina
- Samruni setur bankann í kjörstöðu til að gegna lykilhlutverki í markaðsfjármögnun með samnýtingu efnahags og ráðgjafar


Einkabankapjónusta

- Einkabankinn er með ~45 ma.kr.¹ af eignum í umsjón² og ~47 ma.kr.¹ vörslueigna
- Markmið að eignir í umsjón verði >100 ma.kr árið 2025

Fjárfestingarbanki

- Fjárfestingarbankinn leggur áherslu á að nýta efnahag sinni til að styðja við tekjuaukningu miðlunar, ráðgjafar og einkabanka með fjárfestingum í lánnum, verðbréfum og öðrum fjármálagerningum til skemmri og millilangs tíma á ásættanlegri arðsemi eigin fjár
- Stefnt er að því að efnahagur fjárfestingarbanka verði >30 ma.kr. árið 2025

Tekjur
Markmið (m.kr.)



1) M.v. 31.12.2022 2) Skilgreint sem tekjuberandi eignir í eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og ráðstöfun í erlenda sjóði


/ Eignastýring

Fyrsta flokks fjárfestingarteymi

- SIV eignastýring hf. hefur fengið starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða með viðbótarheimild til eignastýringar og móttöku og miðlun viðskiptafyrirmæla
- SIV eignastýring mun veita fjárfestum aðgengi að fyrsta flokks fjárfestingarteymi í gegnum fjölbreyttar afurðir eigna- og sjóðastýringar
- Fjárfestingarteymi SIV og Glyms er með áratuga reynslu í eignastýringu og fjárfestingum
- Eignir í stýringu verða í upphafi um 54 ma.kr. sem samanstanda af:
 - 44 ma.kr. eignasafn VÍS í eignastýringu
 - 5 ma.kr. í sjóðum SIV í sjóðastýringu
 - 5 ma.kr. í sjóðum Glyms í sjóðastýringu
- Nýir sjóðir verða stofnaðir á næstu vikum;
 - Skuldabréfasjóðir (opnir og lokaðir)
 - Hlutabréfasjóðir (opnir og lokaðir)
 - Kredit sjóðir (opnir og lokaðir)
- Tækifæri til sölu afurða innan samstæðu



Eignir í stýringu SIV markmið (ma.kr.)



Langtímamarkmið

Hagnaðarhlutfall >35%

/ Samlegð



Áætlað er að samlegð verði 650 - 750 m.kr. á ári og komi inn að fullu eftir 2025¹

Kostnaðarsamlegð

- Gert er ráð fyrir því að árleg kostnaðarsamlegð geti numið 350 - 450 m.kr. á ári og komi inn að fullu inn frá og með 2026
- Töluverður hluti samlegðar liggur í kostnaðarsparnaði og fjárfestingum sem félögin hefðu þurft að leggja í á næstu tveimur árum verði ekki af samruna
- Einnig er gert ráð fyrir því að stór hluti kostnaðarsamlegðar liggi í lægri fjármögnunarkostnaði fyrir fjárfestingarbanka

Áætluð kostnaðarsamlegð eftir árum



Tekjusamlegð

- Gert er ráð fyrir því að tekjusamlegð geti orðið 300 m.kr. á ári og komi að fullu inn frá og með 2026
- Tekjusamlegð liggur í aðgerðum sem væru ekki mögulegar ef ekki yrði af samruna

Grunnur að tekjusamlegð

Nýting á tæknilegum innviðum

Þjónusta viðskiptavini samstæðu á breiðari grunni


Sterkari efnahagur fjölgar fjárfestingartækifærum

1) Í áætlunum um samlegð er gert ráð fyrir að samruna VÍS og Fossa verði lokið að fullu fyrir árslok 2023

Áhersla á arðsemi



Stefnt er að því að hagnaður á hlut aukist í yfir 2,5 kr. á hlut eftir árið 2025¹ og að arðgreiðslur nemi að lágmarki þriðjungi af hagnaði



VÍS 2018-2022

VÍS 2022

Markmið 2025

1 Tekjuvöxtur og Arðsemi eigna Lægra tjónshlutfall

~ 0,9 kr. á hlut

2 Aukinn fjárhagslegur styrkur drífur áfram þóknatekjur og aukinn vaxtamun

~ 0,8 – 1,0 kr. á hlut

3 AuM úr 54 ma.kr. í >150 ma.kr.

4 650 – 750 m.kr. í árlega samlegð

~ 0,3 kr. á hlut

5 Arðbær ytri vöxtur

Virðisaukandi

1) Leiðrétt fyrir útgáfu 245 milljón nýrra hluta í VÍS til kaupa á Fossum og engin endurkaup á tímanum



Viðaukar



/ Framúrskarandi stjórnendur



Kröftugt teymi stjórnenda hjá sameinuðu félagi

Samstæða

Haraldur Þórðarson



Haraldur er meðstofnandi Fossa og hefur starfað á fjármálamarkaði í rúmlega 20 ár. Áður en hann tók við stöðu forstjóra árið 2016 hafði hann gegnt veigamiklu hlutverki í uppbyggingu fjármálafyrirtækja á Íslandi og setið í framkvæmdastjórn þeirra í 12 ár.

Haraldur útskrifaðist með B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2003 og árið 2011 útskrifaðist hann með MBA gráðu frá IESE Business School. Haraldur er jafnframt með próf í verðbréfavíðskiptum.

Tryggingar

Guðný H. Herbertsdóttir



Guðný Helga hefur tekið þátt þróun og stefnumótun VÍS undanfarin ár en hún hefur verið í framkvæmdastjórn félagsins síðan 2017. Hún var framkvæmdastjóri sölu og þjónustu og framkvæmdastjóri stafrænnar þróunar þar sem hún m.a. stýrði stafrænni umbreytingu félagsins.

Guðný Helga er með stjórnunargráðu (AMP) frá IESE í Barcelona á Spáni. Hún er jafnframt með meistargráðu frá Viðskiptaháskólanum í Árósum í Danmörku og B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Fjárfestingarbanki

Steingrímur Finnsson



Steingrímur er meðstofnandi Fossa og er með 20 ára reynslu á fjármálamarkaði. Hann hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra markaðsviðskipta frá stofnun félagsins. Áður var hann forstöðumaður markaðsviðskipta Straums fjárfestingarbanka. Þar áður starfaði hann hjá Kaupþingi og síðar Arion banka, bæði í markaðsviðskiptum og greiningardeild.

Steingrímur er með B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Eignastýring

Arnór Gunnarsson



Arnór hefur yfir 20 ára reynslu á fjármálamarkaði í eignastýringu og fjárfestingum, nú síðast sem forstöðumaður fjárfestinga hjá VÍS. Áður var hann m.a. meðeigandi og forstöðumaður hlutabréfasviðs hjá Öldu sjóðum, forstöðumaður hlutabréfasviðs Stefnis, forstöðumaður Rekstrarfélags Kaupþings og sjóðstjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Arnór hefur lokið B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hann lokið prófi sem Chartered Financial Analyst (CFA) auk þess að hafa lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.





Fjármálastjóri

TBD

/ Pro Forma 2022



Rekstarreikningur			 
lögjöld	23.197		23.197
Póknunatekjur	47	1.109	1.156
Vaxtatekjur og gangvirðisbreytingar	1.545	197	1.742
Heildartekjur	24.789	1.306	26.095
Tjón	-17.761		-17.761
Vaxtakostnaður	-486	-158	-645
Rekstrarkostnaður	-5.488	-1.234	-6.723
Heildarkostnaður	-23.735	-1.393	-25.128
Hagnaður fyrir skatt	1.054	-87	967
Skattur	-114	10	-104
Hagnaður	940	-77	863

Efnahagur			 
Rekstrarfjármunir	12.487	720	13.206
Fjárfestingareignir og útlán	41.854	5.962	47.816
Reiðufé	2.381	762	3.143
Heildareignir	56.722	7.444	64.165
Eigið fé	17.325	1.058	18.383
Skuldir	3.320	5.784	9.105
Tryggingaskuld	32.809	0	32.809
Aðrar skuldbindingar	3.267	601	3.868
Skuldir samtals	39.397	6.386	45.782
Eigið fé og skuldir samtals	56.722	7.444	64.165

/ Fyrirvari



Áætlanir sem settar eru fram í kynningu þessari, þ.m.t. áætlanir sem lúta að tekjum, arðsemi og vexti Fossa fjárfestingabanka hf. (Fossar), VÍS og tengdra félaga til framtíðar, eru eingöngu ætlaðar til upplýsingagjafar en ekki sem grundvöllur að ákvörðunartöku. Upplýsingarnar eru svo almennar að á grundvelli þeirra verða ekki dregnar ályktanir um verðmyndandi áhrif á fjármálagerninga útgefna af VÍS eða fjármálagerninga þeim tengdum, ef af viðskiptunum verður. Þær ná enda til langs tíma, byggja ekki á fastsettum viðmiðum og eru háðar ýmsum áhættu- og óvissuþáttum sem geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma bæði VÍS og Fossa verði með öðrum hætti en fram koma í áætlununum.

Upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem VÍS telur áreiðanlegar við birtingu hennar, að gættri óvissu sem lýst er í fyrirvara þessum, en ekki er hægt að ábyrgjast að þær séu réttar að öllu leyti. Áætlanir sem fram koma í kynningunni verða ekki endurskoðaðar, uppfærðar, leiðréttar eða breytt af hálfu VÍS, jafnvel þótt upplýsingar sem liggja til grundvallar áætlununum kunni að breytast.

Þær áætlanir sem lúta að tekjum, arðsemi og vexti Fossa til framtíðar og eru birtar í kynningu þessari voru unnar af bankanum sjálfum og kynntar fyrir VÍS vegna viðskiptanna á þeim grundvelli að þær endurspegli mat og áætlanir stjórnenda Fossa fremur en staðreyndir sem hægt er að sannreyna.

Kynning þessi er unnin í samstarfi við starfsmenn Fossa sem jafnframt eru hluthafar í Fossum og koma því fram sem bæði starfsmenn Fossa og seljendur hlutafjár í Fossum. Í kynningunni má finna upplýsingar sem stafa frá þessum aðilum sem hafa, af framangreindum ástæðum, hagsmuni af því að viðskiptin gangi eftir.